

Undanfari: Eðlisfræði 104.

Kennari: Bjarni Þór Traustason

Kennslugögn: Eðlisfræði 1 fyrir náttúruvísindis framhaldsskóla, eftir Davíð Þorsteinsson, nýjasta útgáfa.

Teknir verða kaflar 9 – 15 ásamt viðbótarefni frá kennara.

Markmið áfangans: Nemendur kynnist grundvallarhugtökum í eðlisfræði og geti beitt þeim við úrlausn verkefna sem lögð eru fyrir. Nemendur eiga að geta beitt þeim einingum SI einingakerfisins er tengjast námsefninu. Efnisþættir: Rafmagnsfræði, bylgjufræði, ljósbylgjufræði ásamt segulfræði ofl.

Kennsluform: Fyrirlestrar og umræður auk dæmareiknings, verklegra æfinga og leiðsagnarmats. Verklegar æfingar verða tvær til þrjár. Heimaverkefni og tímaæfingar verða lagðar fyrir reglulega og metnar til einkunna.

Námsmat:

Þeir fjórir þættir sem námsmat byggist á eru eftirfarandi:

1. Meðaltal skriflegra skilaverkefna og verklegra æfinga. (40%)
2. Meðaltal prófa á önninni. (50%)
3. Mat kennara á vinnu nemanda í tímum, vinnubrögðum og framförum. (10%)